

## Að næra hjartað



Verkefni okkar sem við köllum „Að næra hjartað“ er byggt á aðferð Howards Glassers „The nurtured heart approach“. Þessi aðferð byggist á að eiga jákvæð samskipti við börn, taka eftir börnunum þegar vel gengur, kenna reglur þegar þær eru ekki brotnar, kenna dyggðir og gildi þegar þau eru viðhöfð og skapa aðstæður þannig að barnið nái árangri.

Fjórar megin aðferðir eru notaðar til að byggja upp jákvæð samskipti milli starfsmanna og barna. Þær eru **Ljósmyndastundir**, en með þeim tókum við eftir barninu þegar vel gengur og höfum orð á því við barnið þegar það sýnir æskilega hegðun. Ljósmyndastund er hægt að nota við allar aðstæður og daglegar hefðbundnar athafnir gefa tilefni til að nota Ljósmyndastund. **Skyndimyndir** eru notaðar til að kenna dyggðir og gildi, þá er haft orð á því og tekið eftir þegar barnið sýnir af sér góðar dyggðir eða gildi sem við viljum rækta s.s. kurteisi, þolinmæði, hjálpssemi o.s.frv. **Canons** er notað þegar við viljum kenna reglur þegar þær eru ekki brotnar. Þá tókum við eftir að barn virðir reglurnar og fer eftir þeim og höfum orð á því við barnið og hrósum því fyrir að fara eftir reglunum. Síðasta aðferðin er **Skapandi viðurkenning** en hún snýst um að koma með skýr skilaboð, takmarka valkosti og ekki bjóða upp á val ef það er ekki í boði. Einnig að benda börnum á og hrósa þeim fyrir að taka rétta ákvörðun, s.s. sýna góða sjálfstjórn, að lemja ekki, bíta ekki o.s.frv.

Þessar aðferðir fléttast svo saman í daglegum samskiptum starfsmanna við börnin. Starfsmenn þurfa að vera hugmyndaríkir og duglegir að sjá og grípa þau tækifæri sem gefast í daglegu starfi til að taka eftir börnunum þegar vel gengur. Verkefnið stóð yfir frá september 2002 til júní 2003 og gekk mjög vel. Starfsmönnum gekk ágætlega að tileinka sér nýjar aðferðir í samskiptum sínum við börnin og sáu mjög fljótt jákvæðan árangur.

Stærsti hluti verkefnisins fólst í að læra að tileinka sér aðferðina og æfa sig í daglegu starfi í leikskólanum. Í lok verkefnisins voru allir starfsmenn sammála um að þetta væri samskiptaaðferð sem þeir vildu tileinka sér í starfi sínu í leikskólanum og þeir trúu að skili góðum árangri.

Aðferðin krefst mikillar sjálfsskoðunar af hálfu starfsmanna og viðhorfsbreyting er eitt af stóru skrefunum sem þarf að taka til að ná að tileinka sér aðferðina á árangursríkan hátt.

Verkefnið hefur sýnt okkur að við starfsmennirnir höfum mikið að segja um hvernig börnin í leikskólanum haga sér, hvernig við kjósum að bregðast við börnunum hefur úrslita áhrif um það hvernig börnin svo bregðast við okkur. Við höfum séð að til að styrkja jákvæða hegðun hjá börnunum, þá er lykilatriðið að við tókum eftir börnunum þegar vel gengur en eyðum lítilli orku í þau þegar illa gengur. Þannig læra börnin að þau þurfa ekki að haga sér illa til að fá athygli heldur þvert á móti þá fá þau einmitt athygli þegar þau haga sér vel. Við höfum líka séð að þessi aðferð er góð til að styrkja sjálfsmynd barnanna, börnin blómstra. Þau hægu og rólegu verða sýnilegri og oft fyrirmyndir annarra barna hvað varðar hegðun og þau fyrirferðameiri læra að nýta orku sína á jákvæðan hátt í stað neikvæðs.

Það er trú okkar á leikskólanum að samskiptaaðferðin „Að næra hjartað“ sé árangursrík leið til að byggja upp jákvæð og heilbrigð samskipti milli starfsmanna og barna í leikskólum auk þess að byggja upp sterkari, jákvæðari og hamingjusamari börn.